

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 22/1916. Benedikt S. Þórarinsson
 gegn
 ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður hér í bænum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherra Íslands f. h. landssjóðs til skaðabóta fyrir atvinnuspjöll, er hann hefir orðið fyrir við lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 9. marz þ. á., að stefndi var fyrir hönd landssjóðs sýknaður af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn fallandiur.

Dómi þessum hefir Benedikt S. Þórarinsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 20. marz þ. á. og hefir krafist þess, að ráðherrann fyrir hönd landssjóðs verði dæmdur til að greiða honum eða konu hans, ef hún lifir lengur, skaðabætur 5000 kr. á ári frá 1. jan. 1915 að telja og til dauðadags þess þeirra hjóna sem lengur lifir, eða til vara að honum verði dæmdar skaðabætur 50000 kr. einu sinni fyrir alt. Auk þess krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir, frá sinni hálfu krafist þess, að hinn

áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir matiréttarins.

Hinn 28. ágúst 1894 leysti áfrýjandi borgarabréf samkvæmt 2. gr. í lögum 7. nóvbr. 1879, um breytingu á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, til að reka verzlun í Reykjavíkurkaupstaðar, og öðlaðist hann með þessu bréfi rétt til að verzla með allar þær vörutegundir, sem þá var heimilt að hafa í almenntri kaupmannsverzlun hér á landi, þar á meðal að verzla með áfenga drykki.

Með lögum nr. 26, 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja var ákveðið, að þeir menn, sem höfðu rétt til að verzla með áfenga drykki, er lögin öðluðust gildi, héldu þessum rétti gegn því að greiða árlegt gjald í landssjóð samkvæmt 1. gr. laganna. Áfrýjandi var nú einn meðal þeirra, sem höfðu rétt til að verzla með áfenga drykki, er nefnd lög öðluðust gildi, og greiddi hann hið lögboðna vinsölugjald, 500 kr. árlega, síðast fyrir árið 1914. Áfrýjandi bauð og fram árgjaldið fyrir 1915, en því var sýnað móttöku af lögreglustjóra, með því að vinsölu-mönnum hefir verið bönnuð öll verzlun með áfenga drykki eftir 1. jan. 1915 með 9. gr. í lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Samkvæmt borgarabréfi sínu rak áfrýjandi almenna verzlun hér bænum, þar á meðal verzlun með áfenga drykki, en eftir að lögin frá 11. nóvbr. gengu í gildi verzlaði hann aðallega með áfenga drykki. Er hann nú varð að hætta þessari verzlun um áramótin 1914—1915 telur hann að sér beri bætur úr landssjóði fyrir þetta atvinnutjón. Heldur

áfrýjandi því fram, að réttur sá til að reka verzlun með áfenga drykki, sem hann hafi öðlast með fyrgreindu borgarabréfi sínu, verði ekki löglega af sér tekinn bótaalaust, en aðallega byggir þó áfrýjandi rétt sinn til skaðabóta á hinum aukna rétti, er hann hafi öðlast með lögunum frá 11. nóvbr. 1899. Heldur hann því fram, að með þeim lögum hafi ekki aðeins ótvírætt verið viðurkennt, að réttur hans til að verzla með áfenga drykki væri lífstiðarréttur, heldur hafi lögin eða það fyrirkomulag á verzlun með áfenga drykki, sett var með þeim lögum í raun og veru gert áfengisverzlun að lífstiðareinkarétti þeirra kaupmanna, er verzlunarleyfi höfðu fyrir þann tíma og kusu að greiða árgjald það, sem sett var í 1. gr. laganna.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að í borgarabréfi áfrýjanda felist engin hindrun fyrir löggjafarvaldið til þess að svifta áfrýjanda réttinum til að verzla með áfenga drykki, án þess að hann hafi nokkurn rétt til skaðabóta samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar 5. janúar 1874, og hann neitar því, að lögin 11. nóvbr. 1899 hafi aukið eða trygt rétt áfrýjanda til áfengisverzlunar að neinu leiti, þennan rétt hafi löggjafinn þá látið afskiptulausan, en þar með hafi vínverzlunarréttur áfrýjanda ekki verið viðurkendum sem lífstiðarréttur eða lífstiðareinkaréttur fyrir áfrýjanda, heldur hafi löggjafarvaldinu eins eftir sem áður staðið opið að svifta áfrýjanda réttinum til að verzla með þessa vörutegund. Þar sem nú aðflutningsbannslögin frá 1909 geri ekki ráð fyrir neinum skaðabótum til vinsala fyrir missi á þessum at-

vinnurekstri, geti heldur eigi komið til mála að áfrýjandi geti fengið dóm fyrir neinum skaðabótum.

Í 2. gr. nefndra laga 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja segir svo: Þeir menn og verzlunarfélög, sem hafa rétt til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þessum rétti gegn því að borga gjald það, sem segir í 1. gr. — Þar sem nú lögin setja ekkert tímamark fyrir þessum rétti til áfengisverzlunar verður að álita, að þessi réttur hafi verið veittur eða viðurkendur sem lifstíðarréttur þeirra, er hlut áttu að máli, og þetta verður því ljósara, þegar litið er til þess að í næstu setningu á eftir er í mótsetningu við áðurnefnda menn og verzlunarfélög ákveðið, að hlutfélög, samlög og aðrar stofnanir, er eigi verði eigendaskifti að, haldi þessum rétti (þ. e. réttinum til að reka verzlun með áfenga drykki) þó eigi lengur en næstu 15 ár.

Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi með lögunum frá 11. nóvbr. 1899 öðlast lifstíðarrétt til þess að verzla með áfenga drykki, en hinsvegar getur þessi réttur ekki talist neinn einkaréttur fyrir áfrýjanda eða aðra, er vinsöluheimild höfðu, þegar nefnd lög 11. nóvbr. 1899 gengu í gildi. — En þá kemur til álita hvort löggjöfin hafi getað svelt áfrýjanda þessum rétti bótalaust. Aðflutningsbannslögin gera hvergi ráð fyrir neinum bótum til þeirra vinsölumanna, er orðið hafa að hætta þessari atvinnu sinni vegna ákvæða nefndra laga, en þetta getur þó eigi ráðið úrslitum í máli þessu, ef svo væri, sem áfrýjandi heldur fram, að þessi réttur falli undir á-

Ákvæði 50. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874. Í nefndri grein segir svo: Eignarrétturinn er friðhelgur; engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög, og komi fult verð fyrir.

Þótt nú álita megi að orðin eignarréttur og eign í þessari grein stjórnarskrárinnar merki eigi aðeins eignarrétt í þrengri merkingu orðsins, heldur einnig önnur verðmæt réttindi, svo sem afnotarétt, kröfurétt, rithöfundarétt, einkarétt, verður þó hinsvegar ekki álitð að atvinnuréttur sá, er hér ræðir um, falli undir ákvæði nefndrar greinar stjórnarskrárinnar, og heldur eigi virðist næg heimild til þess að heimfæra nefndan rétt per analogiam undir fyrirmæli greinarinnar.

Það verður því eigi hjá því komist að sýkna hinn stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, svo sem undirdómariinn hefir gert, og þar sem einnig má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann. Eftir ástæðum virðist rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.
Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.